

**Ed.**

**429. Rökstudd dagskrá**

feld í Ed. 10. ágúst.

Flutningsmaður: Sigurður Eggerz.

(Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita leyfisbrjef til mannvirkja til notkunar vatnsaflsins í Söginu á þgskj. 353).

Mál þetta er vandasamt og kemur seint fram og að óvöru, og er því engi von þess, að þingmenn geti aflað sjer nægilegrar þekkingar á því nú á þinginu. Nauðsyn ber til þess, að stjórn landsins rannsaki hvernig helst skal fara með vatnsafl landsins, svo að trygður sje hagur þess í nútíð og framtíð, áður en nokkuð verður gert í því máli. Deildin tekur því fyrir næsta mál á dagskrá í von um að stjórnin geri þetta.